

Ljósmyndir lækna frá COVID-19-sumrinu 2020

Uppskeran af sumarmyndum er gríðarleg, – og læknar reiðubúnir til að deila þeim með kollegum sínum. Ef allt fer sem horfir um plágur og smit verður gamla auglýsingaslagorðið ÍSLAND, SÆKJUM ÞAÐ HEIM enn í fullu gildi næsta sumar og við getum glatt okkur við að búa á „stórustu“ eyjinni.



Ólafur Már Björnsson augnlæknir

Súlutindar

Þegar hjólaferð til Ítalíu féll niður í lok ágúst fórum við Jón Örvar Kristinsson, meltingarlæknir, Hrönn Harðardóttir, lungnalæknir ásamt konu minni Þóru Þórisdóttur inni Núpsstaðarskóg. Þar gengum við á Súlutinda vestan við Skeiðarárjökul. Hér má sjá Jón Örvar á leið uppá blátindinn. Ísland uppá sitt besta.

Jón Baldursson bráðalæknir

Jökulkrókur

Ef maður vill komast burt úr smithættu er þetta tilvalinn staður. Jökulkrókur austan undir Langjökli inn af Þjófadöllum. Þangað leggja fáið leið sína þótt ekki sé þetta langt frá gamla Kjalvegi. Við hjónin erum sjálfboðaliðar á vegum Jöklarannsóknafélagsins og mældum stöðuna á þessum jökulsporði seint í ágúst í sumar. Þegar við komum þarna fyrst fyrir tuttugu árum sást rétt í kollinn á höfðanum sem nú klýfur sporðinn. Á tveimur áratugum hefur sporðurinn hopað sem nemur hátt á sjötta hundrað metrum. Heimurinn er hverfull.



Vaka Ýr Sævarsdóttir sérnámslæknir Brennisteinsalda

Þegar eitthvað á hug manns allan, getur það haft haft áhrif á hvernig maður skynjar umhverfi sitt. Í starfi mínu upplifi ég að aðstæður, ástand og óskir okkar sjálfra og sjúklinganna hafa áhrif á hvernig orð og skilaboð eru túlkuð í samskiptum.

Undir lok síðasta árs eignuðumst við fjölskyldan hund sem hefur heldur betur oft legið mér ofarlega í huga og gefið af sér margar gleðistundirnar þegar heim úr vinnu er komið. Það kemur því kannski ekki á óvart að við sáum hundi bregða fyrir í klettum og steinum á ferð okkar um landið í sumar. Myndin tekin á göngu frá Landmannalaugum að fjallinu Brennisteinsöldu.



Viktor Sighvatsson röntgenlæknir Reynisfjall

Ferðast innanlands! Leigð fín íbúð í Vík í Mýrdal og gengið um allt svæðið í kring. Keyrt milljón sinnum þarna í gegn en aldrei skoðað almennilega. Góðir dagar!



Tómas Guðbjartsson brjóstholsskurðlæknir

Múlagljúfur

Múlagljúfur er stórkostlegt mosavaxið árgljúfur í sunnanverðum Öræfajökli, skammt frá Kvískerjum. Það er tvímælalaust á meðal fegurstu staða á Íslandi og náttúruperla á heimsmælikvarða. Innst í gljúfrinu er Múlafoss í Múlaá en neðar steypist ofan í það 117 m hár foss sem heitir Hangandi foss. Fossatvennan með mosavaxið gljúfrið í forgrunni og Rótarfjallshnjúk í baksýn er snotur hönnun og þarna hefur skaparinn greinilega átt góðan dag.

Myndin er tekin í lok júlí síðastliðnum en þá kom ég að gljúfrinu í þoku og nánast engu skyggni. Ég ákvað að biða rólegur en þegar þokunni tók að létta nokkrum klst. síðar náði ég þessu dulúðlega skoti.



Hulda Hjartardóttir kvensjúkdómalæknir

Júníkvöld við Mývatn

Miðnætur ganga frá hótelinu í Reykjahlíð þar sem áætluð tveggja nóttu gisting varð að tæpri viku þar sem nóg var gistirýmið. Heilluðumst af náttúru Mývatns, fengum næði til að skoða fugla og gróður ótrúluð og vissum að svona tækifæri byðist líklega ekki aftur.



Sif Hansdóttir lungnalæknir

Holtsbryggja í Önundarfirði

Við rústuðum veirunni í fyrstu bylgju og í verðlaun fengum við fordæmalaust yndislegt sumar. Ævintýrlegar upplifanir þar sem fjölskyldan naut alls þess besta sem fallegasta land í heimi hefur upp á að bjóða lífa í minningunni. Göngur um hálendið, Vestfirðir og Vestmannaeyjar, zip lining og auðvitað fish & chips á hverju horni. Við erum endalaust þakklát kæra veira fyrir að hafa fengið frí frá þér í sumar en mundu ... þetta er ekki búið, bíddu bara við náum þér aftur!